

Nd.

319. Nefndarálit

[172. mál]

um frv. til l. um tímabundið olúgjald til fiskiskipa.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Á árinu 1980 voru þrisvar sinnum sett lög um tímabundið olúgjald til fiskiskipa, í fyrsta sinn 24. janúar og var þá gjaldið ákveðið 5% miðað við fiskverð, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hinn 10. apríl var gerð breyting á þessum lögum og var þá gjaldið lækkað í 2,5% og látið var í veðri vaka, að ein af ástæðum þess að lækka þetta gjald um helming á miðri vetrarvertíð væri sú, að skráð gasolíuverð á Rotterdam-markaði hafi þá um nokkurt skeið farið lækkandi.

Við sjálfstæðismenn, sem stóðum að nefndaráliti um þetta mál þá, vörudum við að breyta gjaldinu þann tíma sem eftir var af fiskverðstímabili, því að engin teikn voru á lofti sem gáfu til kynna að olíuverð færi lækkandi á því tímabili, enda kom það á daginn, að breyting varð ekki á olíuverði til lækkunar þetta fiskveiðitímabil.

Síðan er samþykkt enn breyting á þessum lögum 26. nóvember og þá er þetta gjald þrefaldað og verður 7,5%. Það hefur verið óbreytt síðan þangað til nú með þessu frumvarpi, að það er lækkað í 7%.

Eins og hag útgerðar er komið, þá er okkur ljóst að útgerðin þarf meiri tekjur til þess að geta staðið undir rekstri sínum, því að rekstrarvandamál hennar eru mikil og taprekstur sjaldan verið meiri en á síðastliðnu ári. Það sanna best hinar hrikalegu vanskilaskuldir útgerðarinnar.

Við undirritaðir nefndarmenn höfum áður lýst því yfir við afgreiðslu þessa máls, að við teljum að hlut útgerðarinnar af olíuverði eigi að bæta með sameiginlegum aðgerðum, sem nái til allra landsmanna, og höfðum lýst því margoft yfir, að við værum reiðubúnir til samstarfs við sjávarútvegsráðherra um að leysa vanda útgerðarinnar með þeim hætti. Sjávarútvegsráðherra hefur marglýst yfir andstöðu sinni við olúgjaldið og í öllum þeim tilfellum, sem hann hefur mælt fyrir frumvarpi um tímabundið olúgjald, hefur hann lýst því yfir, að hann stefndi að því að afnema það í þessari mynd. En ekkert hefur gerst allan þennan tíma annað en það, að nú lækkar gjaldið um ½%, eða í 7%.

Við lýsum yfir andstöðu okkar við þau vinnubrögð, að það sé ákvarðað í ráðuneyti, hvernig lagasetningu Alþingis skuli háttáð. Það er samið um það í samningum milli útgerðar og sjómanna í sambandi við fiskverðshækkun, án þess að hafa minnsta samráð við sjávarútvegsnefndir þingsins, sem þó er í lófa lagið að gera.

Alþingi stendur nú frammi fyrir því, að það er búið að lofa því, að olúgjald til fiskiskipa verði 7%. Alþingi stendur einnig frammi fyrir því, að nýlega eru gerðir kjarasamningar eftir verkfall, sem hefur skaðað þjóðarbúið mikið, og því er svo komið að þingið á engra annarra kosta vól en að láta þetta frumvarp fara hér í gegn á Alþingi og því viljum við ekki leggja stein í götu til framgangs málinu vegna þeirra loforða sem ríkisstjórnin hefur gefið, því að það mundi geta kostað stöðvun fiskiskipaflotans og var nóg gert í þeim efnum á fyrstu vikum þessa árs. Því munum við ekki taka þátt í afgreiðslu málsins. Við teljum að það sé eingöngu á ábyrgð stjórnarflokkanna, en af fyrrgreindum ástæðum munum við ekki greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 3. febr. 1982.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Pétur Sigurðsson.

Halldór Blöndal.